- Öldungadeildarþingmaður repúblikana, James Inhof að nafni, hefur opinberlega líkt mynd Al Gore An Inconvenient Truth við áróðursrit Adolfs Hitler: *Mein Kampf*.

- George W. Bush, forseti Bandaríkjanna, hefur lýst því yfir að hann sé ekki sannferður um að gróðurhúsáhrifin séu vísindaleg staðreynd.

- Olíufyrirtækið ExxonMobil hefur verið bendið við áróðursmyndband í gamansömum tón þar sem gert er stóþagrín að Al Gore og áhyggjum hans af umhverfismálum. Myndbandið var sett á internetið af fyrirtækinu DCI media sem sér um ýmis markaðsmál fyrir ExxonMobil.

- Höpur andstæðinga gróðurhúsakenninga bauðst árið 1998 til að veðja ótiltekinni upphæð á það að hitastigi jarðar myndi lækka jafnt og þétt á tíu ára tímabili. Loftslagsfræðingurinn James Annan hafði samband við höppinn árið 2005 og benti þeim á að þeir væru að tapa meintu veðmáli sínu en bauðst til að leggja pening á borðið og byrja upp á nýtt frá árinu 2005. Því var neitað og upprunalega veðmálið dregið til baka skömmu seinna.

- Þeir sem efast um áframhaldandi hlýnun jarðar benda á að á áttunda áratugum myndaðist til skamms tíma ótti við nýja ísöld sökum kólnandi veðurs. Loftslagsmælingum hefur þó farið mikið fram síðan.

Sunnudagur, 27. ágúst 2006

**Björn Bjarnason Pistill:** <https://www.bjorn.is/pistlar/2006/08/27/nr/3678>

## Öryggismálaumræður

Gunnar Hrafn Jónsson birtir viðtal við *Trausta Valsson*, prófessor við Háskóla Íslands, í Lesbók Morgunblaðsins, laugardaginn 26. ágúst í tilefni af því að Trausti er að leggja lokahönd á bókina *How the world will change with global warming* (Hvernig heimurinn mun breytast að völdum hlýnunar jarðar) þar sem hann setur fram kenningar sínar um málið og varpar ljósi á eina mögulega framtíð jarðarbúa.

Trausti segir, að í bókinni leitist hann við að draga upp mynd af heiminum í heild sinni og þeim loftslagslegu áhrifum sem telja má líklegt að hækkandi hitastig á heimsvísu hafi í för með sér. Í samtali ræðir blaðamaðurinn við Trausta um áhrif hlýnunar á siglingaleiðina og segir Trausta taka fram stafla af skýrslum og hnattlíkan sem hann notar til að benda á þær löngu siglingaleiðir sem stærri flutningaskip þurfi nú að fara til að ferja varning á milli heimsálfa.

Síðan er þetta haft eftir Trausta: „Risaskip dagsins í dag komast ekki í gegnum Panamaskurðinn og þurfa því að sigla óralanga leið í kringum heilu heimsálfurnar til að komast á áfangastað. Það er ljóst að ef hafís heldur áfram að bráðna á þeim hraða sem við sjáum í dag mun ekki líða á löngu þar til Norðvesturhliðið svokallaða opnast og hægt verður að sigla beint yfir Norðurskautshafið. Þetta mun gjörbreyta öllum siglingasamgöngum og flutningaleiðum, enda verður um u.þ.b. fimm til níu þúsund kílómetra sparnað að ræða. Við getum, sem sagt, búist við því að skipaumferð fram hjá Íslandsströndum stórauðist og verði orðin töluverð innan tveggja áratuga; en því fylgja bæði tækifæri og hættur. Íslenska Landhelgisgæslan þarf að fjárfesta í mjög kostnaðarsömum tækjabúnaði til að geta aðstoðað skipverja í hættu stadda, í skipum af þeirri stærðargráðu sem búast má við að fari að sigla um landhelgi okkar. Svo geta þessi skip haft alls kyns hættulegan varning innanborðs. Tækifærin felast hins vegar í umskipun og almennri þjónustu við þessi mörgu og gríðarstóru skip.“

Hér hreyfir Trausti máli, sem við Íslendingar verðum að ræða. Endurnýjun á varðskipum landhelgisgæslunnar tekur mið af þessum breytingum, meðal annars er gerð miklu meiri



krafa til dráttarafis hins nýja varðskips en þeirra, sem við eigum núna. Hið sama er að segja um flugvélinu, sem á að leysa Fokker gæslunnar af velli, hún á að verða búin fullkomnum tækjakosti til að greina mengun í hafinu. Loks hljóta allar áætlanir um björgunarmál að taka mið af þessum siglingum risaskipanna, þar á meðal endurnýjun á þyrlukosti. Raunar gerði ég þetta að umræðuefni í ræðu, sem ég flutti fimmtudaginn 24. ágúst um varnar- og öryggismál.

Trausti bendir einnig á þá staðreynd, að mikið af óunnum olíu- og gaslindum jarðar eru á heimskautasvæðunum í norðri. Hann segir:

„Það er talið að um tuttugu prósent olíubirgða heimsins liggi á þessum svæðum. Vegna ástandsins í Miðausturlöndum eru Bandaríkjamenn farnir að setja mikla fjármuni í að leggja drög að innkomu olíufyrirtækja sinna á þetta svæði. Þau landsvæði sem þarna eru að opnast eru örugg hvað varðar hryðjuverk og auk þess eru þau mörg þúsund kílómetrum nær Norður-Ameríku. Olíuskip eru nú þegar farin að sigla með fram Íslandsströndum og það hafa alls sautján skip, hundrað þúsund tonn hvert, farið hér fram hjá á allra síðustu árum. Ef við tökum gasflutninga með í reikninginn tel ég að innan átta ára verði umferðin um hafsvæðið í kringum Ísland allt að eitt þúsund stærðarinnar eldsneytisflutningaskip á ári.“

Ég fagna því, að Trausti Valsson skuli hafa tekið sér fyrir hendur að skrifa um þessi mál og þar með væntanlega draga athygli fleiri að vaxandi mikilvægi siglingaleiðanna vestan og austan Íslands. Eins og ég sagði fyrrnefndri ræðu er á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins verið að undirbúa ráðstefnu sérfróðra manna um öryggismál á hafinu til að ræða, hvernig ríki í siglingaleið risaskipa með olíu og gas séu best búin undir nýjar aðstæður.

## Áhugavert efni í gallaðri bók

Bókin *How The World Will Change With Global Warming* eftir Trausta Valsson, skipulagsfræðing og arkitekt, er dálítið einkennileg.

Þegar ég byrjaði að lesa hana taldi ég að um hreinræktað vísindarit væri að ræða. Ég hélt að höfundurinn væri agaður, nákvæmur, drægi ekki vafasamar ályktanir eða héldi fram fjarstæðum. En bókin er ekki þannig.

Helsta umfjöllunarefnið í bók Trausta er hækking meðalhita á jörðinni síðastliðin árhrundruð og í framtíðinni. Þessi hnattræna hlýnun hefur verið kölluð mikilvægasta úrlausnarefni mannkynsins.

Trausti útskýrir hvernig meðalhiti hefur hækkað á jörðinni frá 0 upp í 0,8 gráður, frá lokum níttjándu aldar. Hlýnunin hefur orðið sökum aukins bruna mannsins á ýmiss konar jarðefnaeldsneyti eins og kolum, olíu og gasi. Kolefnislofttegundir sem myndast við þennan bruna berast út í andrúmsloftið og valda hlýnuninni.

Ef svo fer sem horfir og maðurinn gætir ekki betur að því hvernig hann gengur um náttúruna gæti meðalhitinn á norðurhveli farið upp

í þrettán gráður á næstu 150 árum, en hann var um 0 gráður árið 1900. Á sama tíma gæti hitastig við miðbaug hækkað; þar yrði ólíft sökum hita, þurrka og vatnsskorts.

Sú umfjöllun hvernig íshellan á norðurhveli jarðar mun þiðna með hlýnuninni gæti haft mikil áhrif á íslenskt samfélag að mati Trausta. Eftir því sem ísinn verður minni þeim mun meiri líkur eru á að siglingaleiðin um Beringssund yfir í Kyrrahafið og til Ameríku og Asíu opni fyrir aukinni umferð skipa um landið. Að mati Trausta gæti Ísland orðið að mikilvægri umskipunarhöfn fyrir vöru- og olíuflutninga í breyttum heimi – talið er að um tuttugu prósent af olíubirgðum jarðar séu undir íshellunni.

Þetta eru forvitnilegar og skemmtilegar þælingar hjá höfundinum, en ég viðurkenni að ég hef ekki vit til dæma um hversu marktækar þær eru út frá þeim forsendum sem hann dregur ályktanir sínar út frá. Óháð því þá er skrítið að velja því fyrir sér að misnotkun mannsins á vísindum og tækni geti haft þær afleiðingar á umhverfið að Ísland verði að mikilvægum áningarstað skipa í úthafssiglingum í framtíðinni.

Þá er það moldviðrið. Þegar Trausti predikar lífsspeki sína í bundnu og óbundnu máli verður bókin neyðarleg. Hann birtir margar af helstu hugmyndum bókarinnar í ljóðum á spássíum bókarinnar: „Að berjast ekki gegn breytingum/Er sú lexía sem menn þurfa að læra./ Hin nýja leið í lífinu er að taka breytingum opnum örmum.“

Trausti hefur komist að þeirri niðurstöðu að heimurinn tekur stöðugum breytingum, meðal annars vegna hugmynda sinna um hnattræna hlýnun. Þessi hugmynd hans um óumflýjanlegar breytingarnar eru leiðarstef í bókinni: „Nútímamaðurinn er staðnaður/ í háttum sínum./ Þetta er í mótsögn/ við eðli heimsins.“

Auk þess segir Trausti okkur að það sé eitt af einkennum mannsins að lifa í núinu og vera hræddur við breytingar. Maðurinn þarf að líta í kringum sig og átta sig á því að heimurinn er lifandi heild og að náttúran er í sífelldri hringrás. Trausti setur ýmislegt fleira þessu líkt fram í gegnum alla bókina, með viðeigandi upphrópunarmerkjum og endurtekingum, og lesandi fær það á tilfinninguna að

höfundurinn vilji fá hann til sjá ljósið sem hann einn sér. Þess vegna er bókin á köflum eins og trúar- en ekki vísindarit.

Höfundurinn leggur þessa heimspekilegu línu í byrjun bókarinnar og tengir nánast hvað sem er við spekina til að gera málflutning sinn trúanlegri. Ég skil aftur á móti ekki hvernig þessi vasaheimspeki kemur hnattrænni hlýnun við.

Helsti gallinn á bókinni er að margt í henni virðist ekki tengjast umfjöllunarefninu.

Trausti birtir ólíklegustu bókakápur á spássíum: allt frá vísindaheimspekiriti til ritgerðarsafns eftir listgagnrýnanda, riti eftir fjölmiðla- og framtíðarfræðing, vísindaskáldsögu og ferðabók til póllanna.

Í myndatextunum segir hann að nútímalist hjálpi okkur að venjast breytingum með því að verða vön því sem við höfum ekki séð áður og að ferðabækur um pólferðir séu áhugaverðar. Hann annaðhvort sleppir því að fjalla um þessar bækur eða gerir það í svo miklu framhjálaupi að lesandi spyr sig hvaða tilgangi þær þjóni í umfjölluninni. Svo minnst hann á sögu- eða bókmenntaleg atriði sem hafa ekkert

með hnattræna hlýnun að gera;  
goðsagnir, Adam og Evu og krossferðirnar.

Öll þessi umfjöllun virðist  
vera leið að því markmiði  
Trausta að móta heildræna lífsspeki  
sem byggir á hugmyndum  
hans um hnattræna hlýnun.

Í bókinni útskýrir Trausti hvernig  
hlýnun jarðar og þiðnun íssins á  
norðurhveli mun hafa áhrif á  
stjórn- og efnahagsmál í heiminum.

Eins og sést er ansi mikið undir í  
bókinni sem er stutt: 166 blaðsíður.  
Trausti segir að með þeim breytingunum  
sem eru afleiðingar af  
hlýnuninni muni valdajafnvægið í  
heiminum breytast: til dæmis er  
rökrétt að Berlín verði helsta borg  
Evrópusambandsins.

Niðurstaða Trausta í bókinni er  
að Ísland geti grætt á hlýnunni.  
Hann segir að mannkynið eigi að  
sporna við henni en er fullur efasemda  
um það sé hægt. Þess vegna  
eigi íbúar jarðarinnar að búa sig  
undir flutninga að pólunum í framtíðinni.

Hann kemst að þeirri niðurstöðu  
að heimur framtíðarinnar sé heimur  
norðurhvelsins og viðurkennir  
að túlkun hans sé sett fram til að  
koma sér vel fyrir markaðssetningu  
á Íslandi í framtíðinni. Sá sem

veit þetta spyr sig hvað vaki fyrir  
Trausta með bókinni: er hann vísinda-  
eða sölumaður.

Af þessari umfjöllun sést að bókinn  
er gölluð af mörgum ástæðum. Það  
sem er jákvætt við hana er að  
Trausti útskýrir ágætlega af hverju  
hlýnað hefur á jörðinni og hvaða  
afleiðingar þessi hlýnun getur haft.  
En hann gerir það á ensku en ekki  
íslensku, sem lætur mann draga þá  
ályktun að hann hafi ekki haft uppfræðslu  
almennings á Íslandi í huga  
þegar hann skrifaði bókina.

Almenningur í enskumælandi löndum  
hefur örugglega aðgang að betri  
bókum um viðfangsefnið. Þælingar  
Trausta eru samt mjög forvitnilegar  
og vekja lesanda til umhugsunar:  
hann fær stjórnurnar fyrir þær.

Niðurstöðum hans ber þó að taka  
með fyrirvara. Ástæðurnar fyrir  
því eru tvær. Túlkun hans er sett  
fram Íslandi til heilla, auk þess sem  
erfitt er að taka mark á vísindamanni  
sem byggir bók upp á jafn  
illa ígrundaðri lífsspeki, veður eins  
mikið úr einu í annað og birtir jafn  
mikið af vaðli í jafn stuttri bók.

Ingi F. Vilhjálmsson

MORGUNBLAÐIÐ BLS. 2

SUNNUDAGUR 23. SEPTEMBER  
2007

## Átökin um norðurhjarann

Trausti Valsson

Vitnað í íslenskan vísindamann í  
forsíðugrein bandaríska  
fréttatímaritsins TIME

*Eftir Guðna Einarsson*

*gudni@mbl.is*

VITNAÐ er í *Trausta Valsson* prófessor  
við Háskóla Íslands í forsíðugrein  
fréttatímaritsins TIME sem  
kemur út 1. október.

Greinin hefur  
þegar birst í vefútgáfu  
tímaritsins.

Greinin fjallar  
um baráttuna um  
réttindi og yfirráð  
á norðurhjaranum  
og þær breytingar  
sem þar eru að  
verða. Ríki sem  
liggja að norðurskautssvæðinu hafa í  
sumar og haust minnt á nærveru sína  
og réttindi sem þau telja sig eiga þar.  
Það sem einkum hefur breytt stöðu  
svæðisins er að með minnkandi hafís

eru gas- og olíuauðlindir undir  
hafsbótningum

orðnar aðgengilegri. Nú

bráðnar heimskaupsísinn örvar vegna  
hlýnunar andrúmsloftsins en áætlanir  
höfðu gert ráð fyrir. Við það opnast  
m.a. nýjar siglingaleiðir og möguleikar  
til hvers konar auðlindanýtingar  
á svæðinu.

Í greininni er tvívegis vitnað í

Trausta um áhrif bráðnunar  
heimskaupsíssins.

Trausti sér m.a. fyrir

sér að siglingaleiðir í Norður-Íshafi  
verði nú færar árið um kring, a.m.k.  
sérútbúnum skipum, mun fyrr en  
nokkurn hafði órað fyrir. Þá sér hann  
fyrir sér að Norður-Íshafið geti orðið  
hið nýja Miðjarðarhaf og að nýir  
byggðakjarnar muni rísa í Síberíu og  
heimskaudahéruðum Kanada ef hlýnunin  
heldur áfram.

„Fyrir síðustu jóla gaf ég út bókina

„*How the World will Change – with  
Global Warming*“ [Hvernig hnattræn  
hlýnun mun breyta heiminum]. Þar  
lýsi ég norðurslóðum sem einum  
mikilvægasta

heimshluta framtíðarinnar

og birti m.a. kort sem sýnir auðlindir í jörðu og hafsbotni sem og siglingaleiðirnar,“

sagði Trausti. Hann telur að á norðurhveli muni norðursvæðin hafa verulegan ávinning af hnattrænni hlýnun andrúmsloftsins en suðlægari svæði tapa. Á norðurslóðum sé nægt vatn og þar muni loftslag verða þægilegt en sunnar verði líkur á jafnvel enn meiri hitum og þurrkum en nú er.

Trausti kvaðst hafa kynnt bók sína bæði í London og New York og hún hefði nú þegar vakið talsverða athygli.

T.d. hefur verið fjallað um bókina í skoska BBC-sjónvarpinu, í tveimur útvarpsviðtölum hjá BBC og tvívegis í greinum í Sunday Times. Í *New York* hitti Trausti vísindaritstjóra *TIME* sem sýndi efni bókarinnar mikinn áhuga. Blaðamaður

*TIME* hafði síðan samband við Trausta fyrir um hálfum mánuði og aflaði frekari upplýsinga sem notaðar voru í forsíðugreininni. Trausti kvaðst vera mjög ánægður með þá athygli

sem bókin hefur vakið.

Trausti hefur skrifað talsvert um skipulagsmál á Íslandi og ekki síst sett fram hugmyndir um framtíðarþróun byggðar. Hann sagði að bókin „*How the World will Change – with Global Warming*“ væri sú fyrsta í tólf bóka flokki hans sem fjallar um skipulagsmál og framtíðarþróun á heimsvísu. Bókina er hægt að lesa á Netinu án endurgjalds.

[www.howtheworldwillchange.com](http://www.howtheworldwillchange.com)

## Í HNOTSKURN

» Opnun Norður-Íshafsins opnar nýjar og styttri siglingaleiðir milli N-Atlantshafs og N-Kyrrahafs.

» Bandaríkjamenn, Danir, Kanadamenn og Rússar hafa nýlega sent leiðangra til norðurslóða og þannig minnt á nærveru sína.

» Miklar auðlindir, m.a. olíu- og gaslindir, eru undir norðurheimsskautssvæðinu. Með bráðnun hafíssins verða þær aðgengilegri en áður.

## Fyrirlestur á laugardag um áhrif hnattrænnar hlýnunar Loftslags-breytingar og skipulag

Trausti Valsson, prófessor í  
skipulagsfræðum við Háskóla  
Íslands, flytur á morgun,  
laugardag, fyrirlesturinn  
*Áhrif loftslagsbreytinga á skipulag.*  
Fyrirlesturinn er haldinn í stofu 130  
í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskólans,  
og hefst kl. 15.

„Fyrirlesturinn byggir á bók sem ég  
gaf út fyrir síðustu jóla sem bar titilinn  
*How the World Will Change – with  
Global Warming.* (Hvernig heimurinn  
mun breytast með hnattrænni hlýnun),“  
segir Trausti sem heldur fyrirlesturinn  
í tilefni af komu hóps hollenskra  
skipulags- og arkitektúrsérfræðinga  
hingað til lands undir leiðsögn  
Jóns Kristinssonar prófessors.

„Því er nú spáð að vænta megi  
Töluverðra loftslagsbreytinga. Takist ekki  
að snúa þróuninni við má vænta mikilla  
breytinga á hvaða svæði í heiminum  
verða byggileg og hver ekki.“  
Athuganir sínar byggir Trausti á  
rannsóknnum veðurfræðinga og  
náttúrufræðinga:

„Í stuttu máli sagt verða  
þau svæði sem nú eru mjög köld, s.s.  
Ísland, Síbería og N-Kanada byggilegri  
en aftur á móti verða suðrænni  
lönd þar sem þegar er mjög heitt enn  
heitari og mun samspil hita og skorts á  
úrkomu gera stór svæði óbyggileg.

Þegar má sjá áhrif þessarar þróunar á  
hjarð- og landbúnaðarsamfélög t.d. við  
jaðar Saharaeyðimerkurinnar, sem  
vegna þverrandi landgæða eru að færa  
bústofna sína annað.

Að sama skapi  
mun t.d. ræktun á maís og hrisgrjónum  
færast til vatnsríkari svæða,“ segir  
Trausti. „Ekki verður aðeins um að  
ræða breytingar á högum þeirra sem  
byggja lífsviðurværi sitt á náttúrunni  
heldur má líka gera ráð fyrir að fólk í  
borgum sæki frekar norður á bóginn, á  
svalari slóðir.

Vitaskuld er um að ræða  
þróun sem gerist á mjög löngum tíma,  
en þó má finna vísinn að þessari breytingu  
í því hvert fólk kys að ferðast í  
dag. Þannig voru sumarferðalög í  
Evrópu áður oft með þeim hætti að fólk  
í norðurhluta álfunnar ferðaðist suður í  
hlýjuna, en æ oftar leita íbúar suðurhlutans  
nú í svalann í norðri þegar  
sumarhitarnir eru hvað mestir.“

Auk þess að vænta breytinga á búsetu  
á hnattrænan mælikvarða spáir

Trausti breytingum á skipulagi borga:  
„Nú þegar er leitast við að gera borgir  
sem vistvænstar. Einkum er reynt að  
lágmarka brennslu á kolefnaeldsneyti,  
þetta byggð og auka notkun vistvænnar  
orku,“ segir Trausti.

„Fræðimenn á  
borð við Jón Kristinsson hafa þegar  
náð merkilegum árangri í vistvænni  
borgarbyggingu og sýna stjórnámamenn  
núna ríkan áhuga á slíkum verkefnum.  
Hefur t.d. Gordon Brown nýlega  
lofað að gera fimm borgir vistvænar  
í sinni stjórnartíð.“


Fyrirlestur Trausta er öllum opinn  
og aðgangur ókeypis. Finna má nánari  
upplýsingar á  
[www.howtheworldwillchange.com](http://www.howtheworldwillchange.com).

*Trausti Valsson  
fæddist 1946.  
Hann lauk Dipl.  
Ing.-gráðu frá TU í  
V-Berlín 1972 og  
doktorsgráðu í  
skipulagsfræði frá  
Kaliforníuháskóla  
Berkeley 1987.*

*Trausti hefur  
starfað við skipulagsmál, rannsóknir  
og kennslu. Hann hefur ritað fjölda  
greina og bóka um skipulagsmál.  
Hann er prófessor við Háskóla Íslands  
og á tvær dætur og tvo dætrasyni,  
Kristófer og Brimar.*



Trausti Valsson skipu-  
lagsfræðingur var  
að senda frá sér bók  
um hlýnandi loftslag  
í heiminum og áhrif  
þess. Í viðtali við *Inga  
Frey Vilhjálmsson* ræddi  
hann um bókina og  
stöðu Íslands í breytt-  
u heimi.



TRAUSTI VALSSON Hann telur að vegna aukinna hlýnda í heiminum þurfi margar þjóðir heimsins að búa sig undir að flytjast frá svæðum við miðbaug og til kaldari svæða í norðri og suðri.

# Ísland loksins í alfaraleið


**H**ingað til hefur verið litið á Ísland sem útnára. Á miðöldum töldu menn að við Ísland lægju endimörk jarðarinnar: hurðin niður til helvítis var talin vera á Heklu. Þessi sögulega staða landsins sem útnára kann að breytast í framtíðinni að mati Trausta. Með minnkandi ís á norðurhveli og opnun siglingaleiða um Barentssund verður Ísland hugsanlega að umskipunarhöfn við mikilvæga alfaraleið á heimshöfnum.

## Hækkandi hitastig

Meðalhitastig á jörðinni hefur hækkað um 0,8 gráður á celsíus síðustu hundrað árin – langmest á síðustu fimmtán árum. Meðalhiti var í kringum núll gráður um 1900 en er nú um 0,8 gráður. Þessi þróun mun halda áfram því rann-

sóknir benda til að meðalhitastig á norðurhveli jarðar fari upp í sjö gráður árið 2100, og upp í þrettán gráður fyrir árið 2150 að sögn Trausta sem sendi nýverið frá sér bókina *How the World will Change with global Warming*, þar sem hann fjallar meðal annars um þetta efni. „Hér áður fyrr voru stöðugar fréttir af því að kartöflugrös dæju í ágúst, slíkt heyrst ekki í dag og er kornrækt til dæmis með miklum sóma. Þetta er afleiðing af hlýnandi loftslagi,” segir Trausti.

Trausti segir að helsta ástæðan fyrir hlýnuninni sé að meðalhvæðingu mannsins síðastliðin tvö hundruð ár hafi brensla jarðefnaeldsneytis, kola, olíu og gass, aukist til muna. „Þær lofttegundir sem verða til við þennan bruna berast út í andrúmsloftið og bæstast við lofttegundir sem verða til við annan bruna á jörðinni, svo



ÍS Á NORÐURHVELI Myndirnar sýna minnkandi ísmagn á norðurhveli jarðar á tuttugustu og fyrstu öldinni.

sem skógarelda og rotnun. Þessar lofttegundir hafa auknið hitastigið á jörðinni,” segir Trausti.

Ef svo fer sem horfir telur Trausti að mörg svæði við miðbaug jarðar verði orðin óbyggileg vegna hita, purrka og eyðimarka á næstu öld og því muni fólk sem býr á þessum svæðum flytja í áttina að Norður- og Suðurheimskaufinu.

## Þrjár leiðir til úrbóta

Trausti segir þrjár leiðir til að bregðast við þessari hlýnun á jörðinni. Í fyrsta lagi að setja takmörk á hversu mikið megi brenna af jarðefnaeldsneyti, en Kyoto-samningnum er meðal annars ætlað þetta hlutverk. Trausti segir hins vegar að útblástur í aðildarríkjum að samningnum sé einungis einn fjórði af þeim útblæstri sem berst út í andrúmsloftið í heiminum. „75 prósent af útblæstrinum kemur frá þjóðum sem eru ekki aðilar að Kyoto-samningnum, til dæmis Bandaríkjunum, Kína og Indlandi.” Trausti segir að í öðru lagi geti stjórnmál og iðnfyrirtæki brugðist við með því að reyna að tryggja að útblásturinn sem berst út í andrúmsloftið sé hreinni, til dæmis með því að nota orkusjafa eins og vetni. Í þriðja lagi segir Trausti að þjóðir heimsins geti búið sig undir að flytjast búferlum í áttina að Norður- og Suðurheimskaufinu. Hann er svartsýnn á að mönnum takist að sporna við hlýnuninni með fyrstu tveimur aðferðunum og telur því að sú þriðja sé skynsamlegust.

## Minnkun hafiss

Með hækkandi hitastigi fer íshellan á norðurhveli jarðar minnkandi og auðveldara verður fyrir skip að sigla um Norður-Íshafið, í gegnum Beringsund – á milli Sibíeriu og Alsaka – og yfir í Kyrrahafið. Þetta auðveldar samgöngur á sjó í heiminum, því með þiðnuninni gæti opnast bein sjóleið fyrir flutninga á milli Asíu og Ameríku sem hingað til hafa verið ómögulegir sökum hafissins. Minnkun íssins gæti einnig aukið þátttöku Íslands í skipaflutningum á sjó, en hingað til hefur Ísland ekki spilað stórt hlutverk í verslun á heimshöfnum því það hefur ekki verið í alfaraleið.

## Oliu og umskipunarhöfnin

„Eftir því sem íshellan þiðnar verður einnig auðveldara að komast að þeim gróðarlegu miklu olíulindum sem liggja undir henni,” segir Trausti, en talið er að um 20 prósent olíubirgða heimsins sé að finna þar.

Að mati Trausta gæti minnkandi hafís á svæðinu leitt til þess að Ísland verði að mikilvægri umskipunarhöfn í Norður-Atlantshafi á næstu áratugum, bæði vegna aukinna olíuflutninga sem og annars konar vöruflutninga á milli landa.

Trausti segir að þessi þróun sé þegar hafin hér á landi. Hann segir að sautján rísaoliuskip – um 100.000 tonn hvert – hafi siglt fram hjá landinu í fyrria og meira en sextíu þau sem af er þessu ári. Innan átta ára gæti þessi tala farið upp í um 500 rísaoliuskip á ári að mati Trausta. Hann segir að ef af þessu verður gæti það skapað mikla

atvinnu fyrir Íslendinga við ýms konar þjónustu auk þess sem mikil gjöld og tekjur munu verða af henni.


## Hætta á olíuslysi

En Trausti segir líka að þessi þróun geti haft neikvæðar afleiðingar því að með minnkun íssins á norðurhveli hækki yfirborð sjávar sem getur aukið flóðahættu hér á landi sem og annars staðar. Jafnframt gætu auknar siglingar með olíu haft ákveðnar hættur í för með sér. „Ef olíuslys verður hér við land, þá gæti lífríkið á Íslandi verið í mikilli hættu, líkt og gerðist árið 1989 þegar olíuskipið Exxon Valdez sökk við strendur Alaska og út úr því láku 52 milljónir gallona af olíu.”

## Ísland sem nafli alheimsins

„Allir höfundar sem skrifa um þessi efni setja sitt land í öndvegi. Ég get mest á vegna þess að slíkt getur hjálpað okkur að markaðssetja landið því ef útlendingar sem skoða svona bók fá það á tilfinninguna að Ísland sé land tækifæraanna þá getur það hjálpað okkur við að fá hingað fjárfesta. Ég er ekki alveg hlutlaus í þessu því ég vil láta Ísland lita vel út,” segir Trausti en að hans mati eru Ísland og Norvegur þau lönd sem munu græða hvað mest á opnun Beringsundsins fyrir aukinni skipaumferð og þeirri olíuvinnslu sem þar mun fara fram.

„Ísland er og hefur verið hálfgerður útnári en ef af þessu verður þá gæti það sko breyst,” segir Trausti. ■



ÍSLAND Í ALFARALEIÐ Með minnkandi hafís á norðurhveli jarðar opnast fyrir siglingaleiðina frá Norður-Íshafi, um Barentssund og yfir í Kyrrahaf. Umferð olíu- og flutningaskipa gæti legið meðfram Norðurlandi eins og myndin sýnir.

## Hafísinn brátt horfinn úr norðurheimskautinu

Hafísinn á norðurheimskautinu  
bráðnar hraðar en vísindamenn höfðu gert  
ráð fyrir. Áður en árið 2013  
gengur í garð verður ísinn  
gjörsamlega horfinn á  
sumrin, segir í nýrri rannsókn.  
Norðurpóllinn verður orðið íslaus á  
sumrin innan fimm ára, samkvæmt  
niðurstöðum rannsókna bandarískra  
vísindamanna sem kynntar  
voru í fyrradag. Á ráðstefnu samtaka  
jarðeðlisfræðinga sagði Wieslaw  
Maslowski, prófessor sem fór  
fyrir rannsóknarhópnum, að hraði  
hafíssbráðunar hefði verið stórlega  
vanmetinn í fyrri spám.

Í sumar var hafísinn í Norðuríshafinu  
minni en mælst hefur áður, eða 4,13  
milljónir ferkílómetra.  
Þetta lágmark sem og hið  
fyrri sem náðist árið 2005 voru þó  
ekki tekin með í rannsókninni. Í  
henni voru notuð gögn um Norðuríshafið  
frá 1979 til 2004. Í viðtali við fréttastofu  
BBC sagði Maslowski  
að í ljósi þess mætti segja að  
spá þeirra um bráðnun hafíssins  
fyrir árið 2013 sé jafnvel of varfærin.

Rannsóknarhópurinn er meðal  
annars skipaður starfsmönnum  
bandarísku geimvísindastofnunarinnar,

NASA, og pólsku vísindaakademíunnar.  
Hann er þekktur fyrir  
að birta oft nákvæmari spár en  
aðrir hópar vísindamanna, sem  
hafa hingað til spáð því að hafísinn  
hverfi á sumrin á árunum 2040 til 2100.

Maslowski sagði þessar rannsóknir  
vanmeta stórlega hvernig  
ísinn bráðni í raun, og þurfi að lýsa  
betur hvernig heitt vatn færist úr  
Kyrra- og Atlantshafi yfir í  
Norðurskautsvatnasvæðið.

*Trausti Valsson* skipulagsfræðingur,  
sem skrifaði bókina „*How the  
World will Change — with Global  
Warming*“ segir útilokað að segja  
nákvæmlega fyrir um hvaða áhrif  
þessi bráðnun heimskautaíssins hafi  
á okkur. Þó megi búast við að siglingaleiðir  
opnist sem hafa verið lokaðar  
hingað til og hitastigið á Íslandi  
hækki meira en sunnar á hnettinum  
vegna bráðunar íssins. Ekki sé  
langt í að svipað loftslag verði á  
Íslandi og er nú á Bretlandseyjum.

„Eftir því sem tímamörkin færast  
nær og nær verður þetta raunverulegra;  
áður var bráðnun hafíssins í  
blámóðu fjarskans,“ segir hann.

„Þegar ísinn hverfur fara straumar  
að breytast þannig að hlýir straumar  
eiga betra aðgengi á ákveðin svæði,  
en köldu straumarnir halda sínu  
striki.“ [salvar@frettabladid.is](mailto:salvar@frettabladid.is)

# Áhrif hnattrænnar

## hlýnunar

Því er spáð að hin hnattræna hlýnun, sem við höfum þegar orðið áþreifanlega vör við á síðustu áratugum, muni halda áfram alla öldina. Áhrifin á auðlindanýtingu og byggðapróun verða margskonar,“ segir Trausti Valsson, prófessor í skipulagsfræði við Háskóla Íslands.

### **Alþjóðleg umskipunarhöfn**

„Það sem líklega mun hafa mest áhrif er opnun siglingarleiða um Norður-Íshafið, og alla leið yfir í Kyrrahaf þar sem stærsta markaðssvæði heimsins er í örri þróun, bæði á vesturströnd N-Ameríku og í SA-Asíu. Þegar þessi siglingaleið verður orðin opin mestan hluta ársins, verður Ísland í fyrsta sinn komið í þjóðleið flutninga um hnöttinn.“

Árið 2005 gaf utanríkisráðuneytið út skýrsluna „Fyrir stafni haf – Tækifæri tengd siglingum á

norðurslóðum“. Þar er sett fram frumkönnun á því að umskipunarhöfn við annan enda þessarar siglingaleiðar verði byggð á Íslandi. „Þrjár staðsetningar voru kannaðar: Hvalfjörður, Eyjafjörður, og svo Reyðarfjörður. Virðist hann vera bestur út frá siglingatæknilegum atriðum.“

Haldin verður alþjóðleg ráðstefna um þessi mál á Akureyri 27. og 28. mars næstkomandi.

„Hér yrði um mikið mannvirki að ræða og mikla starfsemi, hugsanlega með umsetningu á 2 milljónum gámaeininga á ári, sem er meira en 20 sinnum flutningamagnið um Reykjavíkurhöfn nú. Auk þess er möguleiki á ýmsum vinnsluþætti.“

Byggðaáhrifin af þessu fyrir viðkomandi landshluta – og reyndar fyrir landið allt – yrðu gífurleg.

Hér yrði í raun komin aðalverslunarhöfn landsins þar sem ódýrustu flutningarnir og besta dreifikerfið byðust – höfn sem væri mikilvægur liður í breyttu samgöngukerfi heimsins.“

## Gífurleg orkupörf

Áhrifunum af þessu lýsir Trausti Valsson í bók sinni „*How the World will Change – with Global Warming*“, sem kom út fyrir síðustu jól, og fæst í helstu bókabúðum. „Þessi höfn mun þurfa – ef af byggingu hennar verður – mjög mikla orku, bæði til rekstursins og eins á skipin. Er talið að olíupörfin verði álíka og fyrir Ísland allt í dag. Ef vetnisvæðing skipa kæmist á skrið á öldinni, mætti setja upp vetnisverksmiðju á hafnarbakkanum og selja íslenska orku á skipin háu verði. Hugsanlega gæti þannig vetnisframleiðsla tekið við sem stórnotandi á orku, og það á hærra verði en nú er,“ segir Trausti.

Hann bendir á að mjög vel horfi með framleiðslu á orku með hlýnandi veðurfari. „Jöklarnir bráðna núna um ca. einn metra á ári, sem þýðir viðbótarorku sem samsvarar einni Blönduvirkjun.

Eftir að jöklarnir taka að minnka njóta virkjanirnar þess að með hlýnuninni kemur aukin úrkoma.

Sé svo loks litið til lengri framtíðar, þá munu mörg háhitasvæði, sem nú eru undir jöklum, verða aðgengileg.

Þetta mun í fyllingu tímans koma orkuvinnslu og byggðapróun úti á landi mjög til góða“



Breytingar - *Áhrif hnattrænnar hlýnunar á auðlindanýtingu og byggðapróun verða margskonar, segir Trausti Valsson, prófessor í skipulagsfræði við Háskóla Íslands.*



## Er Ísland að bráðna?

Samkvæmt skýrslu vinnuhóps umhverfisráðherra, þá mun gróður aukast á landinu. Uppskeyra á öllum fóður- og matjurtum mun aukast. Kornrækt, sem var stunduð á Íslandi fyrr á öldum, mun snúa aftur. Skógarmörk munu færast ofar og þar með verður víða skjólsælla.

Margir fiskistofnar við landið munu færast í aukana, helst má þar nefna: ýsu, lýsu, skötusel og ufsa. Í sumar hafa íslendingar getað veitt makríl sem er með verðmætari uppsjávarfiskum og Síld gæti farið að ganga á Íslandsmið eins og á gullalदारárum síldveiði við Íslands. Á hinn bóginn er talið að helst geti rækjan og þorskur átt undir högg að sækja í hlýrri sjó.

*Stórkostlegir möguleikar* munu verða til þegar íshellan á norðurheimskauti opnast fyrir skipaumferð á milli Asíu og Norður Atlantshafs. Það mun leiða til *stóraukinnar skipaumferðar framhjá Íslandi* og skapar mikil tækifæri fyrir landið til þess að verða umskipunarhöfn á milli þessara svæða. Slíkar hafnir (eins og t.d. Rotterdam) skapa mikil viðskipti og hafa mikil áhrif sem miðstöð flutninga.

Fyrir utan alla fræðilegar úttektir þá líður væntanlega hverjum landsmanni ljómandi vel með að geta verið meira úti við á sumrin. 20 stiga dagarnir hafa sjaldan verið fleiri en á síðustu tveimur sumrum.

Hér er ekki verið að gera lítið úr þeim vandamálum sem gætu skapast ef meðalhiti á jörðinni eykst mikið á komandi áratugum. Hér er bara verið að benda á þær köldu staðreyndir að hlýrra loftslag á norðurhveli jarðar *gerir svæðið lífvænlegra*. Þannig bjuggu norrænir menn á Grænlandi á síðasta hlýindaskeiði jarðar en fluttu þaðan þegar kólnaði á ný.

Það er full ástæða til þess að vinna að því hörðum höndum að draga úr mengun og leita leiða til þess að nýta græna orkugjafa eftir kostum. Þar liggja fyrir höndum mikil tækifæri fyrir íslendinga sem geta farið fram með góðu fordæmi.

Hinsvegar er verið að benda á að hér er *ekki um ragnarök að ræða fyrir Ísland*

### Heimildir:

How the world will change with Global warming eftir Trausta Valsson:  
<http://www.boksala.is/DesktopDefault.aspx/tabid-8/prodid-40797/>  
Skýrsla umhverfisráðuneytisins

*From the book:* CLIMATE CHANGE  
– AND THE NORTH ATLANTIC  
Editors: Lars Thstrup and Rasmus  
Ole Rasmussen © 1st ed. 2009: NORA

**The end of CHAPTER 6**

CLIMATE CHANGE – AND TRANSPORT

by TRAUSTI VALSSON

....to go south of Africa with large container ships to reach Western Europe and North America.

With the new and improved Asian railway system, containers from, e.g., China, will be transported by train to Narvik and then transported onwards to Europe and eastern North America by relatively short shipping routes. The usefulness of these railways, however, will possibly reach their prime in the earlier part of this century because as shipping routes over the Arctic Ocean open up over most of the year, they will provide a much cheaper way to transport goods from the east coast of Asia to the Atlantic.

It should be noted that the time scale for all of the projects and scenarios discussed here will be uncertain, as long as the current world recession continues to dampen economic expansion.

The main impact on global marine transportation will naturally occur when yearround shipping through the Arctic Ocean becomes a reality. This will in due time lead to vigorous economic activity in many areas of the Arctic because of the increased traffic, and, thus, improved access to resources.

As the activities and the transportation systems at the Arctic rim reach a certain

degree of development, the road, rail, and inland waterway systems of Canada and the USA, Europe, and Asia will need to form new north-south overland connections to link the developed continental areas to newly development areas and transportation systems in the Arctic and subarctic regions.

One very important consequence of the opening of shipping routes through the Arctic Ocean is the formation of new global shipping circles around North America and Eurasia.

Circular transportation routes are important due to the global equalizing effect they have: every area has the opportunity for trade in either direction. Also, for security purposes it is important to have two or more ways to reach a destination, e.g., to bypass dangerous areas in times of war or other conflict. Quite simply, circular routes create multiple options for all.

Main sources used in connection with this chapter: ACIA.

Arctic Climate Impact Assessment. Cambridge University

Press, 2005 | Valsson, T. How the World will Change – with

Global Warming. University of Iceland Press, 2006 | Ministry

for Foreign Affairs. North Meets North: Navigation and the

Future of the Arctic. Ministry for Foreign Affairs, Reykjavik,

Iceland, July 2006.

# Transportation Research Record: Adaptation and Change with Global Warming: Emerging Spatial World Structure and Transportation Impacts

Trausti Valsson

Gudmundur F. Ulfarsson

First Published January 1, 2009 Research Article

<https://doi.org/10.3141/2139-14>

## Abstract

Today, the governing spatial structure of Earth is that of a ribbon around the globe. Economic activity and habitation are mostly limited to this developed ribbon. As the polar ice retreats and better ships and remote sensing are being developed, the habitable edge of the world is moving ever farther into the Arctic, leading to the emergence of a new spatial structure of Earth: the semiglobe. In a semiglobe system, the Arctic is no longer the most remote area of Earth but is its center. The practical consequences of polar ice retreat are notably Arctic resource development and Arctic shipping routes. The largest impact on global marine transportation occurs as all-year shipping develops in the Arctic, eventually leading to—because of shorter distances—most marine transportation between the North Atlantic and the North Pacific going through the Arctic Ocean. This has important consequences for transportation, security, and natural resource use. The Arctic sea routes also hold geopolitical importance as alternative routes, for example, if conflicts at the Panama or Suez Canal interrupt intercontinental shipping. This gives added importance to the gates to the Arctic Ocean and surrounding nations.

## References

Section:

▲ ▼

Chapman, L. Transport and Climate Change: A Review. *Journal of Transport Geography*, Vol. 15, 2007, pp. 354–367.

1. [Open URL](#)  
Google Scholar

---

Lenzen, M. , Dey, C. , and Hamilton, C. . Climate Change. In *Handbook of Transport and the Environment* (D. A. Hensher and K. J. Button), Elsevier Science, Amsterdam, Netherlands, 2003, pp. 37–60.

2. [Open URL](#)  
Google Scholar

....etc.